

41
29. marz **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa presta-**
kalli (Desjarmýrar) til kirkjubyggingar. — Samkvæmt beiðni prestsins
að Desjarmýri í Norðurmúlaprófastsdæmi, síra Einars Vigfússonar, og tillög-
um yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 23. þ. m.,
vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til að nefndur prestur megi veðbinda tekj-
ur prestakallsins, eða svo mikinn hluta þeirra, sem þörf er á, fyrir 1000 króna
láni, sem takast á úr hinum almenna kirkjusjóði til endurbyggingar Desjarmýr-
arkirkju, þannig að lánið ávaxtist á sama hátt og önnur lán úr nefndum sjóði
og endurborgist með 50 kr. árlega á næstu 20 árum, og að lánið hvíli á presta-
kallstekjunum að því leyti, sem tekjur kirkjunnar sjálfrar ekki hrökkva til, án
þess að presturinn megi færa kirkjunni þetta tillag til skuldar.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

42
11. apríl **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán**
handa prestakalli (Tröllatunguprestakalli). — Eptir þar um gjörðri
beiðni og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dag-
settu 7. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að
Felli í Tröllatunguprestakalli, síra Arnór Arnason, taki allt að 1000 kr. lán uppá
tekjur prestakallsins, til þess að framkvæma ýmsar jarðabætur á prestssetrinu
Felli, svo sem nálar er tiltekið í brjefi yðar. Lán þetta má lántakandi taka smám-
saman á 5 árum, jafnótt og jarðabótunum miðar áfram, og skal það þá endur-
borgast með jöfnum afborgunum árlega á 15 árum samfleytt frá því fyrnefnd
5 ár eru liðin eða frá síðasta lántökudegi. Loks er þetta lántökuleyfi þeim
skilyrðum bundið, að vextir eigi nemi meiru en 4% árlega. Lán þetta getur
eigi orðið veitt úr landssjóði.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

43
11. apríl **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinn og Vestur-**
amtinu um sveitfesti þarfalings. — Með brjefi, dagsettu 27. febr. þ. á.,
hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi bæjarfógetans í Reykjavík, þar
sem hann fyrir hönd fátækranefndarinnar þar áfrýjar til mín úrskurði yðar, dag-
settum 3. s. m., sem ákveður, að Egill nokkur Jónsson skuli áltast sveitlægur
í Reykjavík.

Utaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtingar, að með því að jeg verð að vera yður samdóma um, að eigi sjeu færð-
ar sönnur á það, að heimilisfesta Egils Jónssonur í Reykjavík frá því um vor-
ið þangað til um haustið 1891, hafi verið ólögleg húsmennska, skal úrskurður
yðar standa óraskaður.